

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. janúar 2023
UST202212-158/B.S.
10.04.02

Efni: Umsögn - Breyting á Hamraneslínunum 1 og 2. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 16. desember 2022 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um nýjar línuleiðir Hamraneslína 1 og 2.

Breytt lega línanna er vegna fyrirhugaðra framkvæmda á á núverandi línuleiðum innan þéttbýlis í Hafnarfirði. Ráðgert er að leggja línurnar í jörð frá Hamranesi að Setbergshlíð utan við fyrirhugaða íbúðabyggð og að loftlínur verði fjarlægðar.

Strengleiðin mun að hluta liggja um hraun. Gróður er að hluta mosi, lúpína og hríslur sem hafa verið gróðursettar. Umhverfisstofnun hefur áður lýst þeirri skoðun að á landi eins og því sem hér um ræðir eru loftlínur betri kostur en jarðstrengir sem fleyga þarf niður í bergið ef ekki er unnt að leggja strenginn í laus jarðlög. Aðstæður við Hafnarfjörð eru með þeim hætti að nánast ómögulegt er að forðast rask á hrauni. Í framtíðinni mætti skoða betur staðsetningar tengivirkja því tengivirki staðsett á eða við hraun mun hafa mikið rask í för með sér. Hér er um að ræða hraun sem þegar hefur verið raskað og fyrirhuguð er enn frekari röskun vegna nýrra íbúðahverfa.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Greinargerðin er vönduð og ítarleg.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur